



HAFNARFJÖRÐUR

FJÁRHAGSÁÆTLUN

2015-2018

GREINARGERÐ

HAFNARFJÖRÐUR TIL
FRAMTÍÐAR



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar

10. desember 2014

Síðari umræða

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Forsendur áætlunar 2015-2018	4
2. Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	7
2.1 A og B hluti	7
2.2 A hluti	8
2.3 Aðalsjóður	8
2.4 Félagsþjónusta	10
2.5 Heilbrigðismál	11
2.6 Fræðslu- og uppeldismál	12
2.7 Menningarmál	13
2.8 Æskulýðs- og íþróttamál	14
2.9 Brunamál og almannavarnir	15
2.10 Hreinlætismál	16
2.11 Skipulags- og byggingarmál	16
2.12 Umferðar- og samgöngumál	17
2.13 Umhverfismál	17
2.14 Atvinnu- og ferðamál	17
2.15 Sameiginlegur kostnaður	18
2.16 Eignasjóður	18
2.17 GN eignir	19
2.18 Vatnsveita	19
2.19 Fráveita	20
2.20 Húsnæðisskrifstofa	20
2.21 Hafnarfjarðarhöfn	21
Viðauki 1 - Framkvæmdaáætlun 2015	22
Viðauki 2 – Áætlaðar utanlandsferðir	23

Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir árin 2015 – 2018 er hér lagt fram til samþykktar í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Áætlunin er í tveimur hlutum. Annars vegar er greinargerð og hins vegar tölulegur hluti sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinna A og B hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins. Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi reynist á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Vinna við frumvarpið hófst í lok ágúst s.l. stefnt er að því að breyta fyrirkomulaginu við gerð fjárhagsáætlunar þannig að vinnan hefjist að vori og snemma hausts liggja fyrir drög að fjárhagsáætlun. Með því gefst meiri tími og svigrúm fyrir m.a. kjörna fulltrúa að koma að fjárhagsáætlunargerðinni. Nánari útfærsla á þessari vinnutilhögun verður kynnt í byrjun næsta árs. Þá verður einnig kynnt vinnutilhögun við að fylgja fjárhagsáætluninni eftir innan ársins og hvernig mánaðarlegri upplýsingargjöf til bæjarráðs um fjármál og rekstur verður háttað. Áfram verður unnið að kynjaðri hagstjórn og áætlanagerð.

Helstu niðurstöður í frumvarpi til fjárhagsáætlunar 2015 eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta er jákvæð um 219 m.kr. en rekstrarniðurstaða A hluta neikvæð um 333 millj.kr.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 48,3 milljarðar kr. í árslok 2015 og skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 39,5 milljarðar kr. og eigið fé um 8,7 milljarðar kr.
- Áætlað veltufé frá rekstri A hluta er um 1,3 milljarður kr. og samantekið fyrir A og B hluta 2,2 milljarðar kr. sem er rúmlega 11,1% af heildartekjum.
- Á árinu 2015 er ráðgert að greiða niður eldri lán og skuldbindingar að fjárhæð 1,7 milljarður kr. og að endurfjármagna 5,9 milljarða kr.
- Áætlaðar fjárfestingar á árinu eru um 750 m.kr. og áætluð sala eigna 200 m.kr.
- Almennt er gert ráð fyrir breytingum á gjaldskrá fyrir árið 2015 í samræmi við áætlaða vísitöluhækkun eða 2,7%. Þó munu leikskólagjöld og gjaldskrá frístundaheimilis haldast óbreytt.

Í dag eru bæjarbúar 27.838. Bæjarbúum hefur verið að fjölga jafnt og þétt og í áætlun ársins 2015 er reiknað með að íbúum fjölgi um 1,6%.

Frá því að drög að fjárhagsáætlun ársins 2015 voru lögð fram til fyrri umræðu hefur farið fram mikil yfirferð á öllum rekstrarþáttum bæjarins, vinna sem hefur leitt til þess að hægt er að draga úr áður áætluðum útgjöldum, allt að 200 milljónum króna. Það hafði þau áhrif að hægt að var að falla frá fyrirhuguðum hækkunum á dvalar- og fæðisgjöldum í leikskólum sem og gjaldskrá frístundaheimila.

Húsnæðismál í Áslandsskóla og Hraunvallaskóla verða leyst með breytingum á húsnæði, breytingu á notkun húsnæðis og stuðningi í kennslu með tækjabúnaði og fjölgun starfsmanna. Áherslan verður á að fjárfesta í innra starfi skólanna frekar en að fara í byggingaframkvæmdir. Áslandskóli verður þróunarskóli fyrir upplýsingatækni og allir nemendur skólans í 5. – 10. bekk fá spjaldtölvur frá og með næsta skólaári.

Nú stendur yfir vinna við greiningu á rekstri og þjónustu sveitarfélagsins. Tillögur til úrbóta verða lagðar fram í byrjun næsta árs. Þá verður stefnan mörkuð og langtímaáætlanir um þjónustu endurskoðaðar. Í kjölfarið verður lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2015.

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins með heildarútgjöld um 19,8 milljarða króna og eru áætluð laun um 9,7 milljarðar og áætlaður fjármagnskostnaður um 1,8 milljarður króna. Starfsmenn sveitarfélagsins eru um 1.900 og því er Hafnarfjarðarbær eitt af stærstu fyrirtækjum landsins ef líkja má sveitarfélagi við fyrirtæki.

Starfsfólki bæjarins sem komið hefur að áætlunargerðinni vil ég þakka fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í hana. Framundan er vinna sem ætlað er að skapa umhverfi og vettvang til að gera enn betur í rekstri og þjónustu Hafnarfjarðarbæjar. Vinna sem krefst samvinnu og samstarfs allra sem koma að henni - vinna sem mun skila okkur öflugu sveitarfélagi og koma okkur í fremstu röð sveitarfélaga á landinu.

Hafnarfirði, 10. desember 2014



Haraldur L. Haraldsson
bæjarstjóri

1. Forsendur áætlunar 2015-2018

Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2015 - 2018 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A hluta og samantekinn reikning fyrir A og B hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og GN eignum ehf. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem fjármögnuð er með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru; Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn. Þar sem talað er um *Áætlun 2014* í þessari greinargerð er átt við áætlun 2014 með viðaukum.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar, fasteignaskatt og lóðarleigu.

Útsvar

Útsvarshlutfall á árinu 2015 verður 14,52%. Áætlað er að brúttó útsvarstekjur nemi um 13,8 milljörðum kr. en af þeirri fjárhæð munu 1,65 milljarðar kr. ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða um 1,86% þannig að nettó útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar rúmlega 12,1 milljarður kr.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2014 en jafnframt er tekið tillit til almennra forsendna á vinnumarkaði og fjölgun íbúa. Á grundvelli þessara gagna er gert ráð fyrir 6,9% hækkun milli ára. Útsvarstekjuspá er síðan aðlöguð með tilliti til lagabreytinga um séreignarsparnað og tekjuskatt sem taka gildi á árunum 2014 og 2015.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Hafnarfjarðarbær fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, tónlistarkennslu, nýbúafræðslu og þjónustu við fatlað fólk. Fjárhæðir framlaganna eru í samræmi við áætlanir Jöfnunarsjóðs en jafnframt er gert ráð fyrir framlögum vegna nýs búsetukjarna fatlaðs fólks á árinu 2015.


Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2015 miðast við fasteignamat eigna sem birt var í sumarbyrjun 2014 en bæði endurmat ársins og matsbreytingar leiða til þess að matsstofn Hafnarfjarðarbæjar breytist á milli ára samanber eftirfarandi töflu. Nýr grunnur hefur verið tekinn upp varðandi fasteignamat á atvinnuhúsnæði. Fyrirliggjandi eru frumvarpsdrög sem fjalla um hvernig álagningu fasteignagjalda af atvinnuhúsnæði verður háttáð. Gert er ráð fyrir að fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði byggi 70% á eldri matsaðferð og 30% á nýju mati.

Fasteignamat	Fasteignamat 2015	Fasteignamat 2014	%	Fasteignamat 2013
Íbúðareignir	301.559.074	282.215.845	106,9%	273.050.138
Atvinnueignir	88.813.490	77.050.417	115,3%	72.265.875
Stofnanir og samkomustaðir	23.927.323	20.593.481	116,2%	20.087.575
Samtals gjöld	414.299.887	379.859.743	109%	365.403.588

Álagningarhlutföll eru þessi:

	Álagning 2015	Álagning 2014
Fasteignaskattur íbúðarhúsnæði	0,28%	0,28%
Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði	1,65%	1,65%
Lóðarleiga íbúðarhúsnæði	0,40%	0,40%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæði	1,30%	1,30%
Holræsagjald	0,195%	0,195%
Vatnsgjald	0,105%	0,105%



Aðrar tekjur

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er almennt gert ráð fyrir breytingum á gjaldskrá fyrir árið 2015 í samræmi við vísitöluhækkun samkvæmt þjóðhagsspa, eða 2,7%. Þó munu dvalar- og fæðisgjöld í leikskólum og gjaldskrá frístundaheimilis haldast óbreytt. Sorphirðugjald hækkar um rúmar 4.000 kr. á ári eða úr 24.158 kr. í 28.298 kr. til að gjöldin standi undir kostnaði við veitta þjónustu.

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum en flestir samningar eru lausir frá 1. maí á næsta ári. Tekið er tillit til breytinga í starfsmannahaldi sem tengjast fjölda nemanda í leik- og grunnskólum og fjölgun þjónustukjarna fyrir fatlað fólk.

Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í launaáætlunarkerfi H3. Lögð verður áhersla á virkt eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði, veikindum og fjölda stöðugilda en með réttum verkfærum verður sú vinna markvissari.

Breyting á lífeyrisskuldbindingum er áætluð um 607 millj.kr. á árinu 2015. Á árinu 2012 samþykkti Bæjarstjórn Hafnarfjarðar að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindinguna og á árinu 2015 er gert ráð fyrir að sú greiðsla nemi um 220 millj.kr.

Annar kostnaður

Almennur rekstrarkostnaður hækkar í öllum málaflokkum og stofnunum bæjarins í takt við verðlagsbreytingar. Áfram verður gætt hagræðis í rekstri, s.s. með útboðum og sameiginlegum innkaupum. Verðlagsbundnir samningar, svo sem leigusamningar og þjónustusamningar, hafa verið uppreiknaðir miðað við verðlagsforsendur.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur eru áætlaðar í samræmi við rauntölur ársins 2014 og tekið tillit til 20% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð miðað við verðbólguforsendur áætlunar sem er 2,7% innan ársins. Lánasafnið er vaxtareiknað miðað við vaxtakjör lánasamninga. Eins og undanfarin ár er ekki gert ráð fyrir gengismun í áætluninni.

Fyrirvarar og óvissuþættir

Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun húsnæðislána getur haft umtalsverð áhrif á rekstur bæjarins. Annars vegar mun heimild til að nota séreignarlífeyrissparnað til greiðslu húsnæðislána eða í sparnað vegna íbúðarkaupa hafa það í för með sér að fleiri munu væntanlega nýta sér séreignarsparnað sem gæti aukið launakostnað fyrir sveitarfélagið. Hins vegar munu útsvarstekjur lækka þar sem úttekt á séreignarsparnaði verður skattfrjáls og ef tekið er mið af 70 milljarða kr. úttekt á fjögurra ára tímabili þá nemur tekjutap sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs um 10 milljörðum kr. og tekjutap Hafnarfjarðarbæjar um 700 millj. kr.

Óvissa er varðandi launaþróun en flestir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir 1. mars og hjá meirihluta starfsmanna sveitarfélagsins.

Þriggja ára áætlun 2015– 2018

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins tekur mið af verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá. Útsvarstekjur ráðast af fjölda starfandi íbúa, launaþróun, atvinnuþátttöku og atvinnustigi en hér er gert ráð fyrir hækkingu tekna um 4,5 - 4,9% á ári. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatta og lóðarleigu hækka um 3% á ári vegna verð- og magnbreytinga. Fjármagnsliðir og afborganir lána eru áætluð í samræmi við lánasamninga ásamt umfram niðurgreiðslum en á árinu 2015 er gert ráð fyrir lántöku til að endurfjármagna erlent lán.

2. Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

2.1 A og B hluti

Áætlað er að heildartekjur fyrir A og B hluta verði á árinu 2015 um 20 milljarðar kr. og rekstrargjöld tæpir 18 milljarðar kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 2,1 milljarður kr. en fjármagnsliðir eru áætlaðir rúmlega 1,8 milljarður kr., þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2015 verður jákvæð um 219 millj.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 48,3 milljarðar kr. í árslok 2015. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 39,5 milljarðar kr. og eigið fé um 8,7 milljarðar kr.

Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir.

Á árinu 2015 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði rúmir 2,2 milljarðar kr. sem er um 11% af heildartekjum.

A og B hluti	Fjárhæðir í m.kr.			
	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013	Ársreikningur 2012
Rekstrarreikningur				
Tekjur	20.020	18.715	18.691	16.871
Gjöld	(17.961)	(16.938)	(16.512)	(15.027)
Fjármagnsliðir	(1.840)	(1.159)	(769)	(3.055)
Óvenjulegir liðir	0		0	(1.587)
Rekstrarniðurstaða	219	619	1.411	(2.798)
Efnahagsreikningur				
Eignir	48.254	48.057	48.483	48.204
Eigið fé	8.728	7.604	8.046	6.368
Skuldir	39.526	40.452	40.438	41.836
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	2.231	2.070	2.432	2.018

2.2 A hluti

Í áætlun 2015 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A hlutans sé jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um rúmlega 2,2 milljarða kr.

Áætlaðar rekstrartekjur A hluta eru um 18,2 milljarðar kr. og rekstrargjöld tæpir 17,2 milljarðar kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 1,4 milljarður kr.

Heildareignir A hluta í árslok 2015 eru áætlaðar um 38,1 milljarður kr., skuldir um 33,8 milljarðar kr. og eigið fé um 4,3 milljarðar kr.

Áætlað veltufé frá rekstri er um 1,3 milljarðar kr. eða um 7% af heildartekjum.

A hluti	Fjárhæðir í m.kr.			
	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013	Ársreikningur 2012
Rekstrarreikningur				
Tekjur	18.238	17.136	17.017	15.322
Gjöld	(17.191)	(16.173)	15.605	(14.184)
Fjármagnsliðir	(1.381)	(747)	(499)	(2.282)
Óvenjulegir liðir	0	0		(1.587)
Rekstrarniðurstaða	(333)	216	913	(2.731)
Efnahagsreikningur				
Eignir	38.090	37.817	37.996	37.479
Eigið fé	4.318	4.023	4.703	3.523
Skuldir	33.772	33.795	33.292	33.956
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	1.274	1.657	1.728	1.379


2.3 Aðalsjóður

Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Rekstrarniðurstaða aðalsjóðs er jákvæð um 93 m.kr.

Aðalsjóður	Fjárhæðir í m.kr.			
	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013	Ársreikningur 2012
Rekstrarreikningur				
Tekjur	19.241	18.123	17.566	15.942
Gjöld:	(19.253)	(18.282)	(16.013)	(15.787)
Fjármagnsliðir	105	110	605	79
Rekstrarniðurstaða	93	(49)	947	234

Meginbreytingar í rekstri aðalsjóðs má sjá í eftirfarandi töflu en þar koma fram helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára.

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs					Fjárhæðir í m.kr.
Fjárhæðir í m.kr.	Áætlun 2015	Hlutfall af skatttekjum	Áætlun 2014	Mismunur	Ársreikningur 2013
Skatttekjur	16.751		15.797	954	0
Félagsþjónusta	(2.749)	16,4%	(2.652)	(97)	(2.406)
Heilbrigðismál	(64)	0,4%	(64)	0	(64)
Fræðslu- og uppeldismál	(9.347)	55,8%	(8.821)	(525)	(8.072)
Menningarmál	(356)	2,1%	(357)	1	(327)
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.616)	9,6%	(1.607)	(9)	(1.403)
Brunamál og almannavarnir	(200)	1,2%	(190)	(11)	(169)
Hreinlætismál	(12)	0,1%	(27)	16	(16)
Skipulags- og byggingarmál	(102)	0,6%	(114)	12	(234)
Umferðar- og samgöngumál	(790)	4,7%	(790)	0	(739)
Umhverfismál	(116)	0,7%	(116)	0	(79)
Atvinnumál	(27)	0,2%	(39)	13	(72)
Sameiginlegur kostnaður	(1.372)	8,2%	(1.171)	(201)	(1.163)



2.4 Félagsþjónusta

Framlag til félagsþjónustu hækkar um 3,7% á milli árunna 2014 og 2015. Þessi hækkun kemur til fyrst og fremst vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og vísitöluhækkunar á þjónustusamningum vegna málefna fatlaðs fólks.

Vegna fyrirhugaðrar skerðingar á atvinnuleysisbótatímabilinu úr þremur árum í tvö og hálf ár er áætluð kostnaðaraukning vegna fjárhagsaðstoðar 56,7 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir að önnur fjárhagsaðstoð muni lækka um 37 m.kr. á milli ára. Áfram verður lögð áhersla á að skapa öllum atvinnuleitendum á fjárhagsstyrk tækifæri til endurkomu á vinnumarkað með tilboði um tímabundið hlutastarf samhliða virkum stuðningi í gegnum Áfram- verkefnið en góður árangur hefur náðst með verkefninu.

Viðmiðunarupphæð leigufjárhæðar vegna sérstakra húsaleigubóta hækkar í 58 þús á mánuði sem verður lágmarksleiga sem greidd er áður en til sérstakra húsaleigubóta kemur.

Gert er ráð fyrir að NPA-verkefnið haldi áfram og jafnframt verður nýr búsetukjarni fyrir sex fatlaða einstaklinga tilbúinn á vormánuðum. Unnið verður að uppbyggingu fleiri búsetukjarna á árinu en undirrituð hefur verið viljayfirlýsing við Ás styrktarfélag um byggingu þriggja búsetukjarna, viðræður eru við Þroskahjálp um byggingu kjarna sem myndi leysa af herbergjasambýli sem Hafnarfjarðarbær leigir af Brynju, hússjóði ÖBÍ. Auk þessa eru aðstandendur fatlaðra ungmenna í viðræðum við Þroskahjálp um byggingu heimilis. Áætlað er að auka stöðugildi um 0,9 við heimili fatlaðs fólks og í Hæfingarstöðinni.

Nýtt fyrirkomulag í ferðaþjónustu fatlaðs fólks fer af stað um áramótin í samræmi við sameiginlegt útboð sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna þessa.

Unnið er að undirbúningi verkefnisins „Árveki gegn heimilisofbeldi“ sem áætlað er að hefjist á næsta ári, í samvinnu við lögreglu höfuðborgarsvæðisins og Kópavogsbæ. Gert er ráð fyrir fjármagni til að hefja verkefnið á árinu 2015.

Lögð er áhersla á fjölmeningarmál og þá fyrst og fremst hvað varðar þýðingar á grunn- og kynningarefni og aðkomu innflytjenda að fjölmeningarmálum. Einnig er áfram gert ráð fyrir sjóði að upphæð 500 þ.kr. til styrktar börnum innflytjenda.

Áformað er að halda íbúafundi “Gaflara-kaffi” árið 2015 með áherslu á málefni fatlaðs fólks og innflytjenda.

Félagsþjónusta	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	483	452	436
Samtals tekjur	483	452	436
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1.338	1.294	1.158
Annar rekstrarkostnaður	1.894	1.809	1.683
Samtals gjöld	3.232	3.104	2.842
Rekstrarniðurstaða	(2.749)	(2.652)	(2.406)

Félagsþjónusta	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015
Skrifstofa félagsþjónustu	26,9	29
Áfram	3,0	5
Barnaverndarmál	-	12
Tómstundast.aldraðra	2,9	7
Heimaþjónusta	17,9	23
Félagsþjónustan Hraunsel	2,4	3
Liðveisla fatlaðra		46
Málefni fatlaðra	3,3	5
Atvinna með stuðningi/örorkusa	7,3	15
Straumhvörf	9,3	16
Berjahlíð	9,3	17
Blikaás	10,5	19
Einiberg	7,5	14
Erluás	7,7	14
Smárahvammur	7,4	11
Steinahlíð	7,0	15
Svöluás	8,3	13
Svöluhraun	7,0	15
Hnotuberg	9,4	16
Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	11,1	14
Þjónustuíbúðir Drekaöllum	8,4	11
Lækur	1,5	2

2.5 Heilbrigðismál

Fjárheimild er óbreytt á milli ára. Um er að ræða innri leigu á húsnæði heilsugæslunnar.

Heilbrigðismál	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	65	64	64
Samtals gjöld			
Rekstrarniðurstaða	(65)	(64)	(64)

2.6 Fræðslu- og uppeldismál

Fjárheimild fræðsluþjónustu hækkar um 525 m.kr. á milli ára eða um 6%. Þar veða þyngst áhrif nýrra kjarasamninga leik- og grunnskólakennara og er hækkun launakostnaðar á milli ára 452 m.kr.

Á árinu verður haldið áfram með tæknivæðingu leik- og grunnskóla. Áslandsskóli verður í forystu í notkun upplýsingatækni en allir nemendur frá 5. bekk og uppúr fá spjaldtölvur sem notaðar verða í kennslu. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi stuðningi við leik- og grunnskóla vegna þróunar- og nýsköpunarstarfs og öflugu verkefni sem felst í að bæta læsiskunnáttu nemenda og almennan námsárangur. Gert er ráð fyrir 110 m.kr. til þessara verkefna á næsta ári.

Nýir kjarasamningar kennara hækka launakostnað í grunnskólum umtalsvert og einnig er gert ráð fyrir fjölgun grunnskólabarna. Húsnæðismál í Áslandsskóla og Hraunvallaskóla verða leyst með breytingum á húsnæði og stuðningi í kennslu með tækjabúnaði og fjölgun starfsmanna. Í Áslandsskóla bætist við hálfstöðugildi í tölvuumsjón og í Hraunvallaskóla fjölgar um 5,2 stöðugildi vegna aukins stuðnings á kennslusvæðum. Hádegismatur í grunnskóla hækkar um 2,7% frá áramótum í takt við vísitölu.

Gert er ráð fyrir fækkun leikskólabarna á milli ára vegna færri barna í árgöngum. Gjaldskrá leikskóla verður óbreytt.

Fræðsluþjónusta	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	942	906	914
Samtals tekjur	942	906	914
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	6.241	5.788	5.269
Annar rekstrarkostnaður	4.047	3.939	3.718
Samtals gjöld	10.288	9.727	8.987
Rekstrarniðurstaða	(9.347)	(8.821)	(8.072)

Leikskólar	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015	Fjöldi nemenda 2015	Fjöldi dvalargilda 2015	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014
111-Álfaberg	26,3	31	94	1.000	27,35	29
112-Norðurberg	32,4	35	115	1.262	31,44	33
113-Arnarberg	28,9	31	90	854	27,40	29
114-Brekkuvammur	24,9	29	97	951	24,49	28
115-Viðivellir	49,5	56	125	1.022	49,72	54
116-Hvammur	34,5	42	125	1.235	31,84	34
118-Hlíðarberg	28,6	34	111	1.088	26,62	33
119-Vesturkot	24,4	28	86	885	24,86	26
121-Hlíðarendi	23,2	26	91	878	27,37	29
122-Hörðuvellir	22,1	25	86	755	21,24	26
123-Álfasteinn	24,1	28	80	775	24,78	26
124-Tjarnarás	25,3	32	92	879	26,10	31
125-Stekkjarsás	45,0	51	181	1.777	48,99	53
126-Hraunvallaskóli	39,1	45	155	1.490	39,36	41

Grunnskólar	Fjöldi kennslu- stunda 2015	Fjöldi stg. annarra starfsm. 2015	Fjöldi nemenda 2015	Fjöldi kennslu- stunda 2014	Fjöldi stg. annarra starfsm. 2014
Lækjarskóli	1.559	5,4	466	1.540	5,2
Öldutúnsskóli	1.205	5,9	509	1.194	6,0
Víðistaðaskóli og Engidalur	1.437	8,5	663	1.396	8,5
Setbergsskóli	1.028	4,8	383	941	4,8
Áslandsskóli	1.183	6,6	547	1.146	6,1
Hvaleyrarskóli	1.020	5,2	428	992	5,2
Hraunvallaskóli	1.832	8,4*	824	1.661	7,9
Barnaskóli Hjallastefnunar			148 nem.	125 nem.	

*Viðauki vegna húsnæðisvanda að auki.

Önnur fræðslustarfsemi / stoðþjónusta	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfs- manna 2014	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfs- manna 2014
Skólaskrifstofa	7,85	8	7,85	8
Sérfræðiþjónusta	12,7	14	13,3	14
Menntasetrið	2	2	3,27	4
Tónlistarskóli (ásamt Tónkvísl)	33,3	49	29,44	49
Lúðrasveit Víðistaðaskóla	2,1	3	2,1	3

2.7 Menningarmál

Fjárframlög til menningarmála eru 355 millj.kr. og lækka um 7 m.kr. Lagt er kapp á að skapa hvetjandi umhverfi þar sem bæjarbúar fái notið lista, menningar og fróðleiks. Bókasafnið mun áfram leggja áherslu á að fjölga heimsóknum drengja á bókasafnið.

Áhersla er á að vinna eins og áður með ferðaþjónustunni að kynningu á því sem bærinn hefur upp á að bjóða og að sameiginlegri markaðssetningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Menningarmál	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	20	22	32
Samtals tekjur	20	22	32
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	171	168	147
Annar rekstrarkostnaður	205	218	208
Samtals gjöld	376	385	354
Rekstrarniðurstaða	(356)	(363)	(322)

Menningarmál	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014
Skrifstofa menningar- og ferðamála	1,0	1,0	1,0	1
Bókasafn	15,5	19	15,5	19
Byggðasafn	3,4	7	3,4	7
Skrifstofa Hafnarborgar	4,7	9	4,7	9

2.8 Æskulýðs- og íþróttamál

Fjárheimildir til æskulýðs- og íþróttamála lækka á milli ára um 27 m.kr. vegna tilfærslna á milli sviða, ástæða þess er annars vegar að hluti af launum sem voru færð undir vinnuskólann eru núna bókuð hjá Umhverfi- og framkvæmdum að fjárhæð 31 m.kr. Aðrar breytingar eru óverulegar. Hins vegar hækka tekjur vegna vistgjalda í frístundaheimilum milli ára vegna fjölgunar barna.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 813 börnum í vinnuskólanum úr 8., 9. og 10.bekk. Áætlunin gerir ráð fyrir 72 klst. vinnu fyrir hvern einstakling. Gert er ráð fyrir kostnaði uppá 26,5 m.kr. vegna launa þessara barna en 99 m.kr. vegna launa ungmenna 17-19 ára og flokkstjóra Vinnuskólans.

Undirritaður var rekstrar- og leigusamningur til eins árs vegna frjálsíþróttahúss FH í Kaplakrika að upphæð 13,5 m.kr. á ársgrundvelli. Kostnaður vegna klórkaupa í Suðurbæjarlaug lækkar um 2 m.kr. árið 2015 sem kemur til vegna klórvélar sem keypt var árið 2014.

Æskulýðs og íþróttamál	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	637	608	606
Samtals tekjur	637	608	606
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	845	857	709
Annar rekstrarkostnaður	1.409	1.394	1.300
Samtals gjöld	2.253	2.251	2.009
Rekstrarniðurstaða	(1.616)	(1.643)	(1.403)

Æskulýðs og íþróttamál	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014
Skrifstofa æskulýðsmála	4	4	4	4
Skrifstofa íþróttafulltrúa	1,8	2	1,8	2
Samfélagshús	6,1	10		
Frístundaheimilið Lækjarsel	6,5	15		
Frístundaheimilið Selið	6,1	13		
Frístundaheimilið Hraunkot	3,1	9		
Frístundaheimilið Álfahraun	4,3	9		
Frístundaheimilið Krakkaberg	7,2	14		
Frístundaheimilið Tröllheimar	6,5	13		
Frístundaheimilið Holtasel	4,2	8		
Frístundaheimilið Hraunsel	10,5	21		
Félagsmiðstöðin Músik og mótör	1,6	4		
Frístundaklúbburinn Kletturinn	1,6	3		
Félagsmiðstöðin Vitinn	2,3	7		
Félagsmiðstöðin Aldan	2,3	7		
Félagsmiðstöðin Hraunið	2,3	7		
Félagsmiðstöðin Setrið	2,3	7		
Félagsmiðstöðin Ásinn	2,3	7		
Félagsmiðstöðin Verið	2,3	7		
Félagsmiðstöðin Mosinn	2,3	7		
Samtals félagsmiðstöðvar og frístundaheimili	63,0	157	65,7	143
Íþróttahús Strandgötu	5,0	5		
Íþróttamiðstöðin Björk	3,2	4		
Samtals íþróttahús	8,2	9	8,2	9
Suðurbæjarlaug	12,9	14		
Sundhöll Hafnarfjarðar	5,0	5		
Ásvallalaug	20,1	22		
Samtals sundlaugar	38	41	37,9	49

2.9 Brunamál og almannavarnir

Á málaflokkinn er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. um 183 m.kr. og Björgunarfélag Hafnarfjarðar um 17 m.kr. en hluti af því er í formi niðurgreiðslu fasteignagjalda.

Brunamál og almannavarnir	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	200	190	169
Samtals gjöld	200	190	169
Rekstrarniðurstaða	(200)	(190)	(169)

2.10 Hreinlætismál

Framlög til hreinlætismála eru vegna heilbrigðiseftirlits og sorps. Gert er ráð fyrir að innheimt sorphirðugjöld standi undir kostnaði við sorphreinsun, flokkun og eyðingu.

Hreinlætismál	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	304	250	251
Samtals tekjur	304	250	251
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	316	278	267
Samtals gjöld	316	278	267
Rekstrarniðurstaða	(12)	(27)	(16)

2.11 Skipulags- og byggingarmál

Fjárheimildir til skipulags- og byggingarmála lækka um 12 millj.kr. vegna aukinna tekna. Áætlaðar tekjur hækka vegna skipulagsgjalds og fleiri gjalda og eru þær umfram hækkun kostnaðar.

Áhersla verður áfram á hreinsunaráttak í bænum og áætlað er að leggja út fyrir framkvæmdum á kostnað eigenda eða lóðarhafa þar sem ástæða þykir til. Óvissa er um endurheimtur af þessu fjármagni.

Skipulags- og byggingarmál	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	43	31	31
Samtals tekjur	43	31	31
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	103	107	98
Annar rekstrarkostnaður	42	38	167
Samtals gjöld	144	145	266
Rekstrarniðurstaða	(102)	(114)	(234)

Skipulags- og byggingarmál	Stöðugildi 2015	Starfsmenn 2015	Stöðugildi 2014	Starfsmenn 2014
Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	11	11	11	11

2.12 Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála er óbreytt á milli ára.

Umferðar- og samgöngumál	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	790	790	739
Samtals gjöld	790	790	739
Rekstrarniðurstaða	(790)	(790)	(739)

2.13 Umhverfismál

Framlag til umhverfismála er óbreytt á milli ára.

Umhverfismál	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	
Annar rekstrarkostnaður	116	116	79
Samtals gjöld	116	116	79
Rekstrarniðurstaða	(116)	(116)	(79)

2.14 Atvinnu- og ferðamál

Fjárframlag til atvinnu- og ferðamála lækkar um 12,9 m.kr á milli ára vegna batnandi atvinnuástands.

Atvinnumál	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	3	4	33
Samtals tekjur	3	4	33
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	18	31	66
Annar rekstrarkostnaður	11	12	38
Samtals gjöld	29	43	104
Rekstrarniðurstaða	(26)	(39)	(72)

2.15 Sameiginlegur kostnaður

Fjárheimild stjórnýsly vegna sameiginlegs kostnaðar er áætluð 1,8 milljarður kr. á árinu 2014 og hækkar um 143 m.kr. á milli ára. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding hækki um 197 m.kr. Áfram verður lögð áhersla á rafræna stjórnýsly og þjónustu í gegnum netið. Ný, endurbætt og gagnvirk heimasíða verður tekin í notkun á árinu.

Stjórnýsly	Áætlun 2015	Esk. áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	58	53	66
Samtals tekjur	53	53	66
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	400	399	376
Lífeyrisskuldbinding	590	403	557
Annar rekstrarkostnaður	440	422	414
Samtals gjöld	1.430	1.223	1.347
Rekstrarniðurstaða	(1.372)	(1.171)	(1.281)

Stjórnýsly	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014
Bæjarskrifstofa	25,2	27	25,4	27
Tölvudeild	5,0	5	5,0	5
Þjónustuver	5,4	6	5,4	6

2.16 Eignasjóður

Fjárheimild eignasjóðs lækkar á árinu um 691 m.kr. vegna hærri fjármagnskostnaðar.

Eignasjóður	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	2.759	2.788	2.762
Samtals tekjur	2.759	2.788	2.762
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	349	297	303
Annar rekstrarkostnaður	1.063	1.088	1.060
Afskriftir	575	575	573
Fjármagnsliðir	1.224	595	802
Samtals gjöld	3.217	2.555	2.737
Rekstrarniðurstaða	(458)	(233)	(25)

Eignarsjóður	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014
Framkvæmdamál	17,5	18	17,5	18
Þjónustumiðstöð	16	16	16	16

2.17 GN eignir

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri GN eigna. GN eignir er eignarhaldsfélag um eftirtaldar eignir bæjarsjóðs: Lækjarskóla, Leikskólann Álfastein og Íþróttamiðstöðina Björk.

GN eignir	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	375	375	329
Samtals tekjur	375	375	329
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	44	44	43
Afskriftir	38	38	38
Fjármagnsliðir	261	261	307
Samtals gjöld	343	343	388
Rekstrarniðurstaða	(32)	(32)	(59)

2.18 Vatnsveita

Rekstrarhagnaður Vatnsveitu hækkar um 62 m.kr. á milli ára vegna lægri rekstrar- og fjármagskostnaðar og hærri tekna.

Vatnsveita	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	421	386	396
Samtals tekjur	421	386	396
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	45	47	46
Annar rekstrarkostnaður	98	103	104
Afskriftir	48	48	47
Fjármagnsliðir	38	57	54
Samtals gjöld	228	256	251
Rekstrarniðurstaða	193	130	145

Vatnsveita	Stöðugildi 2015	Starfsmenn 2015	Stöðugildi 2014	Starfsmenn 2014
Vatnsveita	4	4	4	4

2.19 Fráveita

Rekstrarhagnaður Fráveitu lækkar á milli ára um 13 m.kr. vegna hærri fjármagnskostnaðar.

Fráveita	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	739	701	678
Samtals tekjur	739	701	678
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	36	33	36
Annar rekstrarkostnaður	129	135	144
Afskriftir	93	93	93
Fjármagnsliðir	266	212	103
Samtals gjöld	524	473	376
Rekstrarniðurstaða	215	228	302

Fráveita	Stöðugildi 2015	Starfsmenn 2015	Stöðugildi 2014	Starfsmenn 2014
Fráveita	4	4	4	4

2.20 Húsnæðisskrifstofa

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri.

Húsnæðisskrifstofa	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	293	277	274
Samtals tekjur	293	277	274
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	135	127	136
Afskriftir	43	43	43
Fjármagnsliðir	120	113	146
Samtals gjöld	298	283	324
Rekstrarniðurstaða	(6)	(6)	(51)

2.21 Hafnarfjarðarhöfn

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstri og undanfarin ár en tekjur hafnarinnar hækka umtalsvert vegna nýrra samninga við Alcan um hafnargjöld.

Hafnarfjarðarhöfn	Áætlun 2015	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:			
Þjónustugjöld	519	403	398
Samtals tekjur	519	403	398
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	144	141	127
Lífeyrisskuldbinding	17	13	16
Annar rekstrarkostnaður	111	110	112
Afskriftir	60	60	63
Fjármagnsliðir	35	30	105
Samtals gjöld	368	354	423
Rekstrarniðurstaða	150	50	(25)

Hafnarfjarðarhöfn	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014
	13	13	13	13

Viðauki 1 - Framkvæmdaáætlun 2015

Fjárheimild til framkvæmda er 750 m.kr. Gert er ráð fyrir sölu eigna/lóða fyrir 200 m. kr.

Umhverfi og götur

- Hafin verður vinna við gerð Ásvallabrautar sem tengir saman Ásland og Velli
- Haldið verður áfram við frágang stétta og grassvæða á nýbyggingarsvæðunum á Völlum, Áslandi og Skipalóni
- Farið verður í yfirborðsfrágang á fyrsta hluta stækkunar kirkjugarðsins á Öldum í samvinnu við stjórn kirkjugarðsins
- Unnið verður áfram að umhverfisfrágangi á Völlum
- Haldið verður áfram við gerð hjólreiðastíga við stofnbrautir í bænum í samvinnu við Vegagerðina
- Unnið verður í frekari frágangi á Norðurbakkanum
- Biðskýlum verður fjölgað, sem og bekkjum og ruslatunnum við göngustíga
- Unnið verður að því að bæta aðgengi í Seltúni í samvinnu við Ferðamálastofu
- Hafin verður skipulagning á stíg meðfram Kaldárselsvegi til tengingar við upplandið
- Unnið verður að gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir Hafnarfjörð sem og að bættu umferðaröryggi
- Gerður verður reiðstígur yfir að Smyrlabúð í Gráhelluhrauni
- Hafin verður vinna við gerð hreyfivalla
- Unnið verður að því að gera hundagerði í bænum
- Endurnýjuð verða tæki í þjónustumiðstöðinni en mörg þeirra eru komin vel til ára sinna
- Unnið verður að umhverfismálum

Fasteignir og fleira

- Hafin verður framkvæmd við fjögurra deilda leikskóla á Völlum, við Bjarkavelli. Framkvæmdinni verður lokið haustið 2016
- Farið verður í breytingar innanhúss í Hraunvallaskóla til styrkingar á skólastarfi
- Lagfæringar verða gerðar á færanlegri stofu við leikskólann Hamravelli til að bæta skólastarf
- Frjálsíþróttahús í Kaplakrika, lokið verður að greiða upp framkvæmd við Frjálsíþróttahús, en starfsemi hófst í húsinu í maí á þessu ári
- Flýtiframkvæmdarsamningur við FH í Kaplakrika, m.a. vegna aðgengis fatlaðra, aðkomu að íþróttamannvirkjum og einangrun og klæðningu frjálsíþróttahúss
- Farið verður í samstarf við Knattspyrnufélagið Hauka vegna endurnýjunar gervigrass á keppnisvelli félagsins
- Endurnýjun verður á kvartmílubraut í útjaðri iðnaðarsvæðis í Kaphelluhrauni, jafnframt er Kvartmíluklúbburinn að gera ökugerði í samstarfi við Ökukennarafélag Íslands á sama stað
- Unnið verður að bættu aðgengi fatlaðra að stofnunum bæjarins
- Fyrsti áfangi að loftgæðastöð verður keypt, til að halda áfram mælingum á loftgæðum í Hafnarfirði
- Lagt er til fjármagn til endurnýjunar stofnbúnaðar í stofnanir bæjarins
- Sólvangsvegur 1, uppkaup vegna eignarhluta meðeiganda.
- Haldið verður áfram með uppbyggingu Hjúkrunarheimilis í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar

Veitur

- Endurgerð heimæða Vatnsveitu og Fráveitu
- Lokafrágangur miðlunargeymis við Kaldársel
- Farið í framkvæmdir í tengslum við endunýjanir fráveitulagna í miðbænum, m.a. verður farið í fóðranir lagna
- Tækjakaup, endurnýjun á bíl Vatnsveitu
- Fagridalur, aðveita Vatnsveitu, framtíðarvatnsból

Hafnarsjóður

Framkvæmdir eru áætlaðar um 50 m.kr. Þar er helst að nefna malbikun vestan austurbakka í Straumsvík og viðgerð á vesturhorni Suðurbakka í Hafnarfirði.

Viðauki 2 – Áætlaðar utanlandsferðir

Stofnun	Skýring
Skólaskrifstofa	Tveir starfsmenn á SMT ráðstefnu í Boston. Einn starfsmaður á Education Show í Birmingham í mars. Tveir starfsmenn á aðrar ráðstefnur þegar líður á árið
Áslandsskóli	Tölvuverkefnið: Ferð til London í janúar 3 einstaklingar. Comeniusarverkefnið okkar: Ferð til Kýpur í febrúar 2 einstaklingar. SMT ráðstefna í Boston: Ferð USA í mars 3-5 einstaklingar
Hraunvallaskóli	ERASMUS+. „Snjallir stjórnendur“ Stjórnendanámskeið í Prag. Haldið 16.-20. mars 2015. Fimm stjórnendur.
Lækjarskóli	Tvær ferðir vegna Comeniusarverkefnis. Önnur til Noregs í febrúar og hin til Þýskalands í apríl. Tveir kennarar ásamt nemendum fara í hvora ferð. Mögulega fara þrír einstaklingar á SMT ráðstefnu í Boston.
Víðistaðaskóli	Tveir starfsmenn á SMT ráðstefnu í Boston. Sex til átta starfsmenn vegna Erasmus samstarfs um útikennslu og umhverfismennt. Ekki vitað um dagsetningar. Áætlað að fjórir kennarar sæki Educational show í mars.
Brekkuhvammur	Námsferð til Brighton 24. september.
Hlíðarberg	Leikskólinn Hlíðarberg er að fara í námsferð 19. – 20. mars 2015. Ferðini er heitið á The Education Show í Birmingham. Þar er ætlunin að sækja fyrirlestra um læsi, stærðfræði og mat á skólastarfi ásamt því að kynna sér nýjungar í náms- og kennslugögnum. Hver og einn kennari velur sér fyrirlestra. Það eru 22 starfsmenn sem fara í ferðina.
Hlíðarendi	Námsferð til Edinborgar í maí. Áhersla á læsi og læsishvetjandi umhverfi.
Hraunvallaskóli - leikskóli	Námsferð til Brighton dagana 13.-17. maí 2015. Það fara 25-30 starfsmenn.
Hörðuvellir	Það er á áætlun að 2-3 starfsmenn fari á ráðstefnu í Englandi Spicial Educational Needs Show og fari á sínum endurmenntunarstyrk.
Norðurberg	Náms-og kynnisferð með 33 starfsmenn (af 34) til Póllands dagana 18.-21. júní /skipulagsdagar 2015.
Tjarnarás	Þrír starfsmenn fara á námskeið í maí og nýta styrk hjá KÍ. Fjórir eru að skoða ráðstefnu í mars en hafa ekki gengið frá því, ef af verður þá eru þrír að nýta styrk hjá KÍ og ein styrk hjá BHM.
Víðivellir	6 deildarstjórar á Bett ráðstefnuna sem haldin er í London 21. – 24. janúar. 6 deildarstjóri/kennarar á Education show sem haldin er í Birmingham 19. -21. mars.
Byggðasafn	Tvær ferðir vegna Evrópuverkefnis - kostnaður endurgreiddur, 1 starfsmaður.
Vinabæjarsamstarf	Vegna vinabæjarmóts í Fredriksberg, Danmörku. 3-4 starfsmenn og kjörnir fulltrúar.
Ferðamál	Fræðsluferð Samtaka ferðamálafulltrúa – Evrópustyrkur, 1 starfsmaður.
Skipulags- og byggingarmál	European Regional Science Association, Lissabon, 1 starfsmaður.